

# Stefna um samfélagsstyrki



## 1 INNGANGUR

- 1.1 Samherji er meðal stærstu fyrirtækja landsins og leitast við að leggja sitt af mörkum til stuðnings samfélagslegra verkefna. Tilgangur þessarar stefnu um samfélagsstyrki er að marka skýr viðmið um veitingu styrkja og tryggja samræmt og gagnsætt verklag.
- 1.2 Stefnunni er ætlað að stuðla að ábyrgri ráðstöfun fjármuna, jafnræði umsækjenda og skýrri tengingu styrkveitinga við samfélagslegar áherslur félagsins.
- 1.3 Stefna þessi gildir fyrir Samherja hf og dótturfélög

## 2 MEGINÁHERSLUR STYRKVEITINGA

- 2.1 Samherji leggur áherslu á að veittir styrkir hafi jákvæð samfélagsleg áhrif í nærumhverfi starfsstöðva félagsins, auk sérvalinna stærri verkefna á landsvísu. Styrkir eru veittir til skilgreindra verkefna, einstaklinga, hópa eða félagasamtaka. Skilyrði er að styrkþegi sé ekki rekinn í hagnaðarskyni. Sérstök áhersla er lögð á:
  - (a) Íþróttá- og tómstundastarf barna og unglinga.
  - (b) Velferðarmál.
  - (c) Verkefni með tengsl við sjávarútveg.

## 3 TAKMARKANIR

- 3.1 Samherji veitir almennt ekki styrki til verkefna á borð við:
  - (a) Íþróttá- og tómstundastarf fullorðinna.
  - (b) Ferðakostnað nemenda- eða starfsmannafélaga s.s. vegna náms- og menningarferða.

## 4 MÓTTAKA ERINDA

- 4.1 Félagið tekur við styrkbeiðnum á heimasíðu félagsins. Erindum sem berast með öðrum hætti skal vísað þangað.

4.2 Öll móttækin erindi eru skráð og samþykkir sendandi slíka skráningu. Persónugreinanlegum upplýsingum skal eytt ef sendandi óskar þess.

## **5 AFGREIÐSLA OG EFTIRFYLGNI**

5.1 Samherji getur sett skilyrði fyrir veitingu styrkja, m.a. um notkun fjármuna, upplýsingagjöf og eftirfylgni. Félagið áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum um ráðstöfun samfélagsstyrkja.

5.2 Áhersla er lögð á að móttakandi samfélagsstyrks sé skráður á almannaheillaskrá Skattsins ef starfsemin er þess eðlis að hún uppfylli eða ætti að geta uppfyllt skilyrði fyrir slíkri skráningu.

5.3 Miðað er við að vegna stærri styrkveitinga sem og vegna stuðnings við verkefni til lengri tíma skuli gerður skriflegur samningur.